

58. Bréf dómshalastjórnarinnar til landshöfðingjans
yfir Íslandi, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.

1873.

5. júlí.

Yður mun kunnugt um, herra landshöfðingi, að sá $\frac{1}{4}$ hluti af silfurbergsnáminum í Helgustaðafjalli í Sndurmúlasýslu, sem er þjóðeign, nú um nokkur ár hefir verið seldur á leigu kaupmanni C. D. Túliníus á Eskifirði, og að stjórnarráðið fékk kennara í steinafræði við Kaupmannahafnar háskóla *F. Johnstrup*, á meðan leigusamningurinn enn var í gildi, til þess að ferðast til Íslands og auk annars rannsaka námið. Með því háskólakennari *Johnstrup* í skýrslu sinni um ferð þessa var með öllu mótfallinn því, að náminn yrði notaður viðstöðulaust, synjaði stjórnarráðið í fyrra hanst Túliníus kaupmanni þess, er hann sókti um, að fá leigusamninginn um þann hluta námsins, sem er þjóðeign, — en leigumálinn var á enda 31. desbrm. f. á. —, endurnýjðan fyrir 5 ár, eða að minnsta kosti fyrir eitt ár fyrir sama afgjald og áður, sem var 100 rd. á ári. Með því ástæða var til að búast við, að Túliníus, sem hefir að leigu um 5 ára tíma $\frac{3}{4}$ parts námsins, þá sem tengdafaðir hans, Þórarinn prestur Erlendsson á, mundi þykjast hafa rétt til að nota náminn, þótt sameign hins opinbera við eigandann að hinum $\frac{3}{4}$ þörtunum væri að óskiptu, skipaði stjórnarráðið amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu með bræfi 7. nóvbr. f. á.¹, að láta leggja réttarbann á, að Þórarinn prestur Erlendsson og kaupmaður Túliníus notuðu námið með nokkru móti, þangað til búið væri að koma sér saman um aðra aðferð við afnot námsins, og mæltist stjórnarráðið jafnframt til, að amtmaður legði hlutaðeiganda sýslumanni fyrir, að hafa umsjón með, að enginn bryti úr náminum með ólöglegu móti, hvorki innlendir nè útlendir, og láta hylja náminn fyrst um sinn með mól.

Jafnframt þessu mæltumst vèr til, að amtmaður leitaði til samninga við Þórarinn prest Erlendsson um rekstur námsins eptirleiðis, og létum í ljósi þá ósk, að hann við tækifæri

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III, 532.

1873.

5. júlí.

reyndi til, að fá vitneskju um, hvort presturinn væri fús á að bregða sameigninni og með hvaða skilmálum.

Frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu höfum vér eigi fengið neina skýrslu um þetta, en kaupmaður Túlíníus hefir, þá er hann dvaldi hér í borginni í maím. sem leið, sent stjórnarráðinu meðfylgjandi bænarskrá, þar sem hann, án þess að öðru leyti að leggja fram umboð eigandans, hefir sókt um, að samið verði við sig um að bregða sameigninni að náminum; með bænarskránni hefir hann jafnframt sent afskript af því, sem hann hefir látið bóka í dómsbókina, þá er honum var birt nefnt réttarbann frá hálfu stjórnarráðsins, og hefir hann þá lýst yfir, að hann fyrst um sinn eigi á þessu ári muni brjóta úr náminum, gegn því að kostnaðurinn við tilhlýðilega gæzlu á honum lendi á hinu opinbera, að hann heimti 300 rd. skaðabætur fyrir hvert ár, er líði þangað til málinu sè komið í lag, og að eigandinn að hinum $\frac{3}{4}$ þörtunum muni vera fús til að selja sinn part af jörðunni Helgustöðum með því, sem henni fylgir af silfurbergsnáminum, fyrir 12,000 rd., en hann samt vili heldur, að öll eignin verði boðin upp við uppboð, heldur en kaupa fjórða partinn í kyrþey, án uppboðs. Eptir að stjórnarráðið útaf bænarskrá þessari hafði leitað álits háskólakennara *Johnstrups* um málið, hefir hann í meðfylgjanda álitsskjali látið í ljósi, að eptir því sem honum sýnist, geti það að eins komið til tals, annaðhvort að selja þann part námsins, sem er þjóðeign, eða láta hann til leigu fyrir nokkurra ára tíma og fyrir hærri afgjald en áður, og gegn tilbærilegu veði, eða að eigendurnir í sameiningu brjóti úr náminum, en láti nokkur ár líða ámilli í hvert skipti, og hefir honum fundizt það fyrirkomulag helzt aðgengilegt.

Um leið og vér tilkynnum yður, herra landshöfðingi, það, sem hér er sagt að framan, mælumst vér til, að þér semið við þórarinn prest Erlendsson um þetta, og ef svo ber undir gjörð samning við hann um að vinna náminn í sameiningu, með því fyrirkomulagi, sem háskólakennari *Johnstrup* ítarlegar hefir skýrt frá. Skyldi þórarinn prestur Erlendsson samt sem áður eigi vera fús til þessa, felum vér yður ennfreður á hendur vald til að selja

1873.

5. júlí.

þeim, sem hingað til hefir haft náminn, þann hluta, sem lands-sjóðurinn á, á leigu annaðhvort í 25 ár fyrir 200 rd. afgjald á ári, eða í 10 ár fyrir 500 rd. árlegt afgjald, og þannig að leiguliðinn gefi tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að afgjaldið verði galdið allan leigutímann. Ef hvorugum þessum kosti verður tekið, verðum vér því næst að mælast til, að þér komist eptir, hvort þórarinn prófastur Erlendsson sè fús til að kaupa af stjórninni fjórða part þann, sem er þjóðeign, og ef hann hafnar þessu boði, eða vill eigi bjóða að minnsta kosti 4000 rd. fyrir partinn, með hæfilegri viðbót fyrir jörðina, sem námurinn heyrir til, ef þess verður æskt, að hún einnig verði seld, hvort hann þá vili samþykkja, að gjörð sè tilraun til að selja náminn allan á opinberu uppboði, sem sè haldið í kaupmannahöllinni í Kaupmannahöfn, eptir að búíð er að birta það í Lundúnum, París, Berlín og Hamborg, þannig, að stjórnarráðið fái heimild til að samþykkja hæsta boð, ef það að minnsta kosti nemi 16,000 rd., ef svo ber undir, með hæfilegum viðauka fyrir hina jarðareignina. Að endingu skal þess getið, að ef svo fer, að þórarinn prestur Erlendsson gengur að öðru hvorju af þeim boðum, sem síðast voru nefnd, — en þá kemur til, að landssjóðurinn seli sinn part af náminum —, hefir stjórnarráðið í hyggju, að leggja málið, að því leyti er söluna snertir, fyrir næsta alþingi til álita, áður en fullnaðar ályktun verður gjörð.

Með skýrslu yðar um, hvernig samningarnir hafi farið, búumst vér við að þér sendið aptur hingað álitsskjal *Johnstrups* háskólakennara.

59. Bréf domsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á Vestmannaeyjakirkju.

5. júlí.

Eins og yður mun kunnugt, herra landshöfðingi, átti timburmeistari *Klentz* ekki hægt með í fyrra sumar að byrja á að-